## Próunarsjóður innflytjendamála & Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: "...tungumálið, það opnar allar dyr"

Nafn styrkþega: Austurbrú

Útdráttur: Verkefnið var unnið í framhaldi af rannsókn sem var unnin fyrir styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála 2017. Viðfangsefnið nú var að dýpka niðurstöður sem vörðuðu tækifæri innflytjenda í víðu samhengi en í fyrri rannsókn komu fram þau virðhorf að innflytjendur hefðu ekki sömu tækifæri og aðrir íbúar Austurlands. Rannsóknin var unnin með eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru 11 djúpviðtöl við innflytjendur á Austurlandi sem höfðu verið búsettir í a.m.k. 2-3 ár, töluðu íslensku og voru með iðn- eða háskólapróf. Niðurstöður þessarar viðtalsrannsóknar sýndu fram á ólíkar sögur og reynsluheima. Sumir höfðu fengið sína menntun metna hratt og náð tökum á tungumálinu. Aðrir höfðu lent í töluverðum vandræðum við að fá viðurkenningu á menntun og jafnvel farið í að endurmennta sig. Allir voru sammála um að tungumálið væri lykillinn að samfélaginu og það að ná tökum á íslensku væri leiðin að tækifærum og félagsþátttöku. Viðmælendur voru allir sammála um að það væri áskorun fólgin í því að vera innflytjandi og flestir voru á þeirri skoðun að tækifærin væru ekki endilega þau sömu, það þyrfti að leggja mikið á sig, sanna sig og þá sérstaklega varðandi íslenskukunnáttu. Hins vegar var matið á því hversu mikið meira þyrfti að leggja á sig en innfæddir mjög ólíkt. Enginn taldi sig hafa betri tækifæri til starfa eða áhrifa en innfæddir. Mikilvægi þess að ná góðum tökum á íslensku leiddi einnig til umræðu um móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda. Þeir sem tilheyra stærri málsamfélögum vildu gjarnan fá einhvern stuðning við móðurmálskennslu barna og töldu að það væri nauðsynlegt að fara að huga að þeim málum. Þátttakendur minntust margir á að samfélagið væri mjög fjölskylduvænt vegna smæðarinnar sem skapar ákveðið öryggi sem þeir telja eftir sóknarvert og almennt voru viðmældur sáttir við búsetu sína á Austurlandi. Smæð samfélagsins var einnig ákveðinn menningarmunur sem margir fundu fyrir.

Project Title: ,,...the language, it's the key"

Name of Grantee: Austurbrú

Abstract: This project is based on a study, that received a development grant in 2017. The subject was to deepen the findings concerning the opportunities of immigrants in a broad context, but in a previous study the view was expressed that immigrants did not have the same opportunities as other residents of East Iceland. In total 11 interviews were carried out. The interviewees were immigrants in East Iceland who had lived there for a minimum of 2-3 years, spoke Icelandic and had a technical/vocational or university degree. The results indicated quite different stories and experiences. Some had their education assessed and acknowledged without a hassle and gained quick proficiency in Icelandic. Others had encountered considerable difficulties in having their education recognised and some even re-educated themselves. All agreed the language was the key to society and getting to grips with Icelandic was the way to opportunities and social participation. Interviewees all agreed that it was a challenge to be an immigrant, and most of them thought opportunities were not necessarily the same, it took a lot of effort, they had to prove themselves, and especially regarding Icelandic skills. However, the extent of how much effort was needed differed. No one however thought they had better opportunities than natives. The importance of mastery in Icelandic also led to a discussion of teaching or supporting studies of mother tongue for immigrant children. Those who belonged to larger immigrant communities were most adamant about those issues and felt that it was necessary to act on these issues. Participants mentioned the community as very familyfriendly, the short distances and everyone-knowns-everyone small town vibe, created a certain feeling of security they considered desirable, but the rurality was also a cultural difference that many found quite challenging at first.